



Forsætisnefnd

Fyrirspurn Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, varðandi málefni borgarfulltrúa í fæðingarorlofi

Á fundi borgarstjórnar 7. nóvember sl. lagði Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir óháður borgarfulltrúi fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í svari til Fréttablaðsins sem birtist í blaðinu 18.10.2017, segir skrifstofustjóri borgarstjórnar um meintum vafa um hæfi Kristínar Soffíu Jónsdóttur, að borgarstjórn hafi enga aðkomu að málefnum borgarfulltrúa í fæðingarorlofi enda sitji þeir ekki í borgarstjórn á meðan á því stendur og þiggja hvorki laun né önnur réttindi á þeim tíma. Þrátt fyrir þetta svar er á 196 fundi forsætisnefndar 5. apríl 2016, undir 1. lið, ekki sömu eða sambærileg sjónarmið höfð til hliðsjónar við þá málsmeðferð og þar virtist nákvæmlega ekkert vera því til fyrirstöðu að málefni borgarfulltrúans Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, sem var í fæðingarorlofi frá 13. desember 2015-13. júní 2016, falin innri endurskoðanda og regluverði borgarinnar til skoðunar. Er ekki að sjá að þau sjónarmiðin sem skrifstofustjóri borgarstjórnar hefur nú uppi varðandi það að borgarstjórn hafi enga aðkomu að málefnum borgarfulltrúa meðan þeir eru í fæðingarorlofi hafi gætt áður. Óskað er eftir skriflegum skýringum frá skrifstofustjóra borgarstjórnar og forseta borgarstjórnar að því er varðar sjónarmið þessu tengdu.

Í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg sem sett er samkvæmt heimildum í 3. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um laun borgarfulltrúa í veikinda- og slysaforföllum og fæðingarorlof í 10. gr. Þar kemur m.a. fram að um rétt borgarfulltrúa til fæðingar- og foreldraorlofs fer eftir lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Á meðan kjörinn fulltrúi er í fæðingarorlofi, helst ráðningarsamband hans við sveitarstjórnina en á sama tíma öðlast hann rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og er tilkynningarskyldur um breytingar á högum sínum til sjóðsins. Starfsmaður á að sama skapi rétt á því að hverfa aftur að starfi sínu að loknu fæðingar- eða foreldraorlofi og gildir það sama um kjörinn fulltrúa að því gefnu að hann uppfylli enn öll kjörgengisskilyrði.

Á fundi forsætisnefndar 5. apríl 2016 lagði forsætisnefnd, ásamt áheyrnarfulltrúum Samfylkingar og Framsóknar og flugvallarvina, fram svohljóðandi tillögu: Í ljósi fréttu af aflandsfélögum í eigu borgarfulltrúa sem fluttar hafa verið að undanförmu telur forsætisnefnd brýnt að til þess bærir aðilar kanni málin til hlítar. Því er þess farið á leit við innri endurskoðun og regluverð borgarinnar að kannað verði hvort borgarfulltrúarnir Júlíus Vífill Ingvarsson og Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir hafi farið á svig við gildandi lög og reglur um skyldur og hæfi borgarfulltrúa, hvort reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum

borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar hafi verið fylgt og hvort siðareglur borgarfulltrúa hafi verið brotnar. Að sama skapi er óskað eftir því að siðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga taki málið til skoðunar í samræmi við hlutverk nefndarinnar og 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Tillagan var samþykkt á fundinum.

Ekki verður séð á hvaða hátt þau sjónarmið sem fram komu í tilvitnuðu svari skrifstofu borgarstjórnar til Fréttablaðsins um áhrif fæðingarorlofs á ráðningarsamband kjörinna fulltrúa við sveitarstjórnina tengist ofangreindum tillöguflutningi forsætisnefndar varðandi frétttaflutning af aflandsfélögum í eigu borgarfulltrúa. Ef borgarfulltrúinn telur að um sé að ræða sambærileg mál og að á einhvern hátt hafi verið farið á svig við ákvæði laga um fæðingar- og foreldraorlof, væri affarasælast fyrir borgarfulltrúann að beina erindi þess efnis til forsætisnefndar sem bæði flutti og samþykkti tillöguna en ekki til embættismanns sem enga aðild á að ákvarðanatökunni né til forseta borgarstjórnar sem er einungis einn aðili að því fjölskipaða stjórnvaldi sem forsætisnefnd er.

Að gefnu tilefni er einnig bent á að fundir borgarstjórnar eru málstofa borgarfulltrúa þar sem borgarstjóri er einn embættismanna til svara. Vakin er athygli á því að borgarfulltrúinn leggur fram fyrirspurn í borgarstjórn sem beint er til embættismanns sem ekki er heimilt að taka til máls á þeim vettvangi. Í ljósi þess er svar við fyrirspurninni lagt fram á fundi forsætisnefndar til þóknanlegrar meðferðar.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar